

Selfossi, 21. ágúst 2022

Fjölskyldusvið Árborgar  
B.t. Þorsteins Hjartarsonar sviðsstjóra  
Ráðhús Árborgar  
800 Selfoss

### **Efni: Ósk um viðauka við launaáætlun 2022 vegna fjölgunar nemenda í Stekkjaskóla**

Margir nemendur hafa verið innritaðir í Stekkjaskóla undanfarna daga og mun fleiri í ákveðna árganga en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nú eru nemendur skólans orðnir samtals 170 sem skiptast á eftirfarandi hátt:

1. bekkur	42 nemendur		3 umsjónarkennarar
2. bekkur	37 nemendur	(36*)	2 umsjónarkennarar
3. bekkur	28 nemendur	(18*)	1 umsjónarkennari
4. bekkur	24 nemendur	(17*)	1 umsjónarkennari
5. bekkur	39 nemendur	(35*)	2 umsjónarkennarar
Samtals:	170 nemendur	(106*)	*fjöldi nemenda síðastliðið vor

Eins og sjá má hefur mesta fjölgunin orðið í 3.-4. bekk. Á sama tíma og hægt er að gleðjast yfir mikilli fjölgun nemenda fylgir henni ákveðin áskorun sem snýr að núverandi húsnæði og fjölda umsjónarkennara.

Til að mæta þessari fjölgun í 3.-4. bekk er hér með óskað eftir heimild til að ráða einn umsjónarkennara til viðbótar í þessa tvo árganga. Þá verða þrír umsjónarkennarar með umsjón í þessum tveimur árgöngum. Þannig teljum við að þeir geti sinnt umsjónarstarfinu vel og það skapar svigrúm til að taka á móti þeim nemendum sem flytja í skólahverfið í vetur sem er í mikilli uppbyggingu.

Síðastliðið vor fengu margir nemendur sem eiga skólahverfi í Stekkjaskóla heimild til að vera áfram í sínum gamla skóla. Það er ánægjulegt að segja frá því að nú eru nokkrir þeirra að koma til okkar. Skólinn verður að vera í stakk búinn til að taka á móti öllum nemendum sem eiga skólahverfi í Stekkjaskóla.

Kostnaður við að ráða nýjan umsjónarkennara á þessu fjárhagsári er áætlaður um 3,4 m.kr. með launatengdum gjöldum.

Undirritaður átti samtál við Helgu Maríu Pálsdóttur bæjarritara síðastliðinn föstudag um erindi þetta og er hún því inni í málinu.

Skólasetning er næstkomandi þriðjudag, 23. ágúst, og þá er gott að geta upplýst foreldra um stöðuna og hvernig við hyggjumst bregðast við.

Með von um góð og skjót viðbrögð.

Bestu kveðjur,

---

Hilmar Björgvinsson skólastjóri

Afrit: Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri  
Helga María Pálsdóttir bæjarritari  
Margrét Björk Brynhildardóttir deildarstjóri skólaþjónustu